



**463. fundur
haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 5. ágúst 2010 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Lárus Ástmar Hannesson, Davíð Sveinsson varamaður, Gretar D. Pálsson, Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Lárus Ástmar Hannesson formaður bæjarráðs setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda

1. 1007001 - Fundargerð Hafnarstjórnar, dags. 30.06.2010 (61. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 erindi Sæferða. Rætt var um erindi Sæferða. Var rætt um ýmsa möguleika fyrir báta Sæferða. Tillaga formanns: Erindi verði hafnað eins og það kemur frá Pétri og það verði skoðað með framtíðarlausn í huga. Sæferðum standi til boða að færa Særúnina á suðurkant Stykkisbryggju en hefur aftur sem áður aðgang að steinbryggju sem viðlegu fyrir Brimrúnu. Lagt fyrir fundinn. Samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2 atkvæðum. Telja fundarmenn að skoða þurfi framtíðarlausnir fyrir Sæferðir í höfninni. Guðmundur Kolbeinn Björnsson sagðist ósáttur við ákvörðun hafnarstjórnar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 umsókn um viðlegupláss fyrir Sigga Þórðar GK197 barst frá Kristjáni L. Gunnarssyni fyrir hönd félags sem er að fara af stað í ferðapjónustu. Um er að ræða 15 metra bát. Ekki er hægt að finna pláss við flotbryggju fyrir bátinn. Hafnarstjórn leggur til að báturinn hafi aðstöðu við Stykkisbryggju skv. samkomulagi við hafnarvörð.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 gjaldskrármál. Tillaga frá Hrannari um að fresta ákvörðun þar til um áramót. Fundarmenn samþykkir því að framvegis verði breytingar miðað við 1.1. hvers árs og afgreiðslu málsins því frestað.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. 1007029 - Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar dags. 21.07.2010 (129. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 Reitarvegur 6a, breyting á áður samþykktum teikningum. Arkitektar Ólöf og Jon ehf. sækja um f.h. lóðarhafa Reitarvegs nr. 6a að efri hæð húss verði steinsteypt og klædd bárujárni í stað timburs. Þak verði torfþak



og inndregnar svalir í suður falli niður, sbr. teikningar dags 25.05.2010.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Víkurflöt 5, klæða hús.

Alfreð Viktor Þórólfsson og Hildigunnur Jóhannesdóttir sækja um að klæða hús og bílskúr með standandi bárujárnsklæðningu og klæða þakskegg með harðviðarklæðningu, sbr. umsókn dags. 1.06.2010.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt, með ábendingu um efni klæðningar.

Liður 4 Lágholt 19a, garðskúr.

Sveinn Davíðsson Lágholti 19a sækir um leyfi til að staðsetja garðskúr í suðausturhorni lóðarinnar. Vegghæð er 1,70 m.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Liður 5 Skúlagata 1, klæða bílskúr.

Kristinn Bjarnason sækir um að klæða bílskúr við Skúlagötu 1 með bárujárni, sbr. bréf dags 7. 06.2010.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 7 Sundabakki 5, breyting á þaki bílskúrs.

Páll J. Hjaltalín sækir um leyfi til að endurnýja og breyta þakgerð bílskúrsins að Sundabakka 5.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 8 Reitarvegur 6, skjólveggur á lóðarmörkum við götu.

Þorbjörn Geir Ólafsson sækir um leyfi fyrir áður gerðum skjólvegg á lóðarmörkum sbr. tölvupóst dags. 14.07.2010. En skjólveggur dregur m.a. úr áreiti sem hlýst af þungri umferð stórra bíla um götuna og er einnig öryggisatriði vegna barna að leik á lóðinni.

Erindi hafnað með vísan í 67. gr. Byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 9 Höfðagata 11, breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði (gistiskála).

F.h. Gistivers ehf/ sækir Birna E. Sigurðardóttir um að breyta einbýlishúsi að Höfðagötu 11 í gistiskála sbr. umsókn dags 14.07.2010.

Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum Höfðagötu 9, 9a, 13, 15 og 16.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Liður 10 Hjallatangi 24, gróðurhús.

Pórir Thorlacius sækir um að staðsetja gróðurhús frá Húsasmiðjunni á suðaustur horni lóðarinnar nr. 24 við Hjallatanga, sbr. erindi dags. 20.07.2010.

Erindi synjað þar sem húsið er utan byggingarreits samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 12 breyting á hámarkshraða innanbæjar.

Vegagerðin/ Magnús óskar eftir umsögn Stykkishólmsbæjar að breyta hámarkshraða innan bæjar úr 35 km í 40 km. sbr. tölvupóst dags.

Nefndin leggur til að áfram verði 35 km hámarkshraði innanbæjar í Stykkishólmi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 14.b. Bæjarstjórn óskar eftir tillögu um skipan eins nefndarmanns skipulags- og byggingarnefndar í vinnuhóp vegna deiliskipulagsvinnu á svæði fyrir frístundabændur.

Samþykkt að Hermundur Pálsson verði fulltrúi í vinnuhóp fyrir skipulag- og byggingarnefndina.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 14.c. Bæjarstjórn óskar eftir tillögu um skipan eins nefndarmanns skipulags- og byggingarnefndar í vinnuhóp vegna deiliskipulagsvinnu á svæði Hesteigendafélags Stykkishólms.

Samþykkt að Hermundur Pálsson verði fulltrúi í vinnuhóp fyrir skipulags- og byggingarnefndina.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 14.d. Flatey ehf, staðsetning á gormaskilti niður við höfn.

Kristján Lár sækir um f.h. Flatey ehf um að staðsetja tímabundið, fram að 1. september 2010, lausaskilti við endann á landgangi við Stykkishöfnina sem auglýsir sjóstangaveiðiferðir, sbr. umsókn 20.07. 2010.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

3. 1008003 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra dags. 26.07.2010 (46. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Aðrar fundargerðir

4. 1007028 - Fundargerð Eflingar dags. 05.07.2010 (198 fundur).

Framlagt.



5. **1007039 - Fundargerð aðalfundar FSSF fyrir árið 2009, dags. 24.06.2010 ásamt ársreikningi 2009.**
Framlagt.
6. **1007044 - Fundargerð hluthafafundar Jeratúns ehf.**
Framlagt.
7. **1007045 - Fundargerð stjórnar Jeratúns ehf. dags. 15.07.2010 (38. fundur).**
Framlagt.
8. **1007048 - Fundur félagsmálanefndar Snæfellinga dags. 22.06.2010 (101. fundur).**
Framlagt.
9. **1007047 - Fundargerð stjórnar FSSF dags. 24.06.2010 (53. fundur).**
Framlagt.
10. **1007010 - Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 23.06.2010, ásamt ársskýrslu 2009.**
Framlagt.

Erindi til kynningar

11. **1007025 - Tölvupóstur Iðnaðarnefndar Alþingis dags. 25.06.2010 varðandi umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða (heildarlög), 660. mál.**
Framlagt.
12. **1007018 - Bréf Sæfells hf. dags. 15.07.2010 varðandi beiðni um endurbætur á gangstétt.**
Framlagt.
13. **1007012 - Bréf Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 13.07.2010 sem kynnir námskeið um lýðræði í sveitarfélögum haldið verður 6. sept. n.k.**
Framlagt.
14. **1007011 - Bréf Knattspyrnusambands Íslands, dags. 14.07.2010 ásamt meðfylgjandi bæklingi með leiðbeinandi uppl. um uppbyggingu knattspyrnuleikvanga á Íslandi.**
Framlagt.
15. **1007009 - Bréf Flateyjar ehf, dags. 14.07.2010 varðandi áréttingu um ósk á bryggjuaðstöðu vegna sjóstangaveiðibáts fyrirtækisins.**
Framlagt.
16. **1007006 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 05.07.2010 varðandi boðun á XXIV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga (29.09.2010).**
Framlagt.
17. **1007005 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 25.06.2010 varðandi námsgagnasjóð.**
Framlagt.
18. **1007004 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 28.06.2010 varðandi framlag vegna kostnaðarhækkunar á tryggingagjaldi.**
Framlagt.
19. **1007002 - Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 18.06.2010 varðandi viðmiðunartaxta vegna refa og minkaveiða.**
Framlagt.
20. **1007026 - Tölvupóstur dags. 12.07.2010 frá sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi norrænt samstarf um menningarmál á sveitarstjórnarstigi.**
Framlagt.
21. **1007027 - Tölvupóstur dags. 27.07.2010 frá Hansasambandinu varðandi**



Hansahátíð 29-31.10.2010

Framlagt.

22. **1007033 - Tölvupóstur dags. 23.07.2010 frá Héraðsnefnd varðandi boðun á aukaáðalfund 31.08.2010.**
Framlagt.
23. **1007038 - Tölvupóstur dags. 29.06.2010 varðandi heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**
Framlagt.
24. **1007040 - Tölvupóstur dags. 30.06.2010 varðandi boð á ráðstefnu: Æskan - rödd framtíðar 28-29.10.2010.**
Framlagt.
25. **1007042 - Tölvupóstur dags. 06.07.2010 frá sambandi Íslenskra sveitarfélaga varðandi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna frá ríki til sveitarfélaga.**
Framlagt.
26. **1007043 - Tölvupóstur dags. 16.07.2010 varðandi endurnýjaða umhverfissvottun sveitarfélaganna á Snæfellsnesi (Earth Check).**
Framlagt.
27. **1007046 - Tölvupóstur dags. 16.07.2010 frá Launanefnd sveitarfélaga varðandi yfirvofandi verkfall slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.**
Framlagt. Ekki kemur til verkfalls slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í Stykkishólmi, þar sem aðeins um hlutastarf er að ræða hjá þeim.
28. **1007014 - Bréf Siglingastofnunar dags. 19.07.2010 varðandi styrkúthlutun 2010 úr B-deild Hafnabótasjóðs.**
Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

29. **1007019 - Bréf Halldóru Margrétar Pálsdóttur og Bjarna Þormars Pálssonar, dags. 15.06.2010 varðandi ósk um ný leiktæki á leikvöllinn í Áskinn.**
Fyrirhugað er að allir leikvellir bæjarins verði endurskoðaðir og viðhald komið í fastar skorður. Bæjarráð þakkar Halldóru Margréti og Bjarna Þormari Pálsbörnum fyrir erindið.
30. **1007015 - Bréf Framfarafélags Flateyjar, dags. 15.07.2010 varðandi svokallað Eyjaping sem haldið verður þann 22.08.2010 í Flatey.**
Bæjarráð þakkar gott boð. Þátttaka tilkynnt síðar.
31. **1007007 - Bréf og ársskýrsla 2008-2009 Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, dags. 10.07.2010 varðandi styrk til byggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.**
Bæjarráð sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.
32. **1007003 - Bréf Drammen Kommune, dags. 25.06.2010 varðandi vinabæjarmót árið 2011.**
Drammen Kommune þakkað boðið.
33. **1007030 - Tölvupóstur Braga Jósefssonar dags. 15.07.2010 varðandi Stykkishólmsbók IV-VII bindi.**
Erindi samþykkt. Bæjarstjóra falið að ganga frá samkomulagi við Braga.
34. **1007031 - Fyrirspurn GDP vegna danskra daga.**
DANSKIR DAGAR:
Átti Stykkishólmsbær einhverja aðkomu að ákvörðun um niðurfellingu Danskra daga í ár, ef svo var hver var hún?
Stykkishólmsbær átti ekki aðkomu að ákvörðun um niðurfellingu Danskra daga í ár.



Vísað er í fundargerð Eflingar frá 5. júlí 2010.

35. 1007032 - Fyrirspurn frá GDP vegna innköllun lóða.

INNKÖLLUN LÓÐA:

Hvað líður innköllun lóða í samræmi við reglugerð um lóðaúthlutun Stykkishólmsbæjar og hvenær verða þær lóðir auglýstar til umsókna að nýju? Bæjarstjóri gerði grein fyrir innköllun lóða og vísaði á mál sem tekin verða síðar á þessum fundi.

36. 1007034 - Tillaga LÁH og DS um sölu á Hjómskála.

Við undirritaðir leggjum til að Silfurgata 7 (Hjómskáli) verði auglýst til sölu.

Lárus Á. Hannesson

Davíð Sveinsson

Afgreiðslu frestað.

37. 1007035 - Tillaga LÁH og DS um sölu einbýlishússins að Ásklifi 4a, ef viðeigandi tilboð fæst.

Tillaga samþykkt.

38. 1007036 - Tillaga LÁH og DS um menningarhátíð.

Við undirritaðir leggjum til að safna og menningarmálanefnd verði falin skipulagning og undirbúningur að menningarhátíð á haustmánuðum 2010.

Tillaga samþykkt.

39. 1007037 - Tillaga LÁH og DS að bæjarstjóra ásamt starfsmönnum ráðhúss verði falið að skoða möguleika til breytinga á húsnæðis Dvalarheimilis.

Við undirritaðir leggjum til að bæjarstjóra ásamt starfsmönnum ráðhúss verði falið að skoða möguleika til breytinga á dvalarheimilinu í samstarfi við forstöðumann dvalarheimilis.

Greinargerð: Við teljum mikilvægt að bæta aðgengi vistmanna að salernisaðstöðu og skoða möguleika á auknu rými fyrir vistmenn.

Tillaga samþykkt.

40. 1007041 - Tilnefning fulltrúa varðandi eflingu sveitarstjórnarstigs innan SSV.

Samþykkt að Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri verði fulltrúi Stykkishólmsbæjar.

41. 1007051 - Tölvupóstur dags. 29.07.2010 frá k.k.d. Snæfells varðandi styrk vegna kaupa á skotvél í Íþróttamiðstöðina.

Erindi samþykkt. Bæjarráð fagnar framtaki körfukantsdeildar Snæfells. Davíð sat hjá vegna tengsla.

42. 1008001 - Tillaga frá GDP varðandi málefni aldraðra.

Undirritaður leggur til að bæjarráði verði falið að leita eftir viðræðum við Heilbrigðisstofnun Vesturlands (St. Fransickussjúkrahúsið) og Félags- og skólaþjónustu Snæfellsness varðandi málefni aldraðra. Tilgangur viðræðnanna skal vera að leita leiða til að auka og bæta þjónustu við aldraða með sem hagkvæmustum hætti, sérstaklega á sviði hjúkrunar á hjúkrunarrýmum og við heimahjúkrun ásamt liðveislu á heimilum í samstarfi við forstöðumann og stjórn dvalarheimilisins og þjónustuhóp aldraðra.

Tillaga samþykkt.

43. 1008002 - Bréf Hrafnhildar Jónsdóttur, dags. 03.08.2010 varðandi framlengingu á byggingarleyfi vegna Hjallatanga 44.

Samþykkt að framlengja byggingaleyfi Hrafnhildar um 12 mánuði.

44. 1008005 - Bréf Eddu Baldursdóttur dags. 30.07.2010 varðandi ósk um framlengingu byggingarleyfis að Reitarvegi 6a.

Samþykkt að framlengja byggingaleyfi Eddu um 12 mánuði.

45. 1008007 - Drög að erindisbréfi nefndar um málefni fatlaðra.

Drög að erindisbréfi samþykkt með áorðnum breytingum.



46. 1008008 - Tillaga LÁH og DS dags 03.08.2010 vegna nýbyggingar við Grunnskólann.

Við undirrituð leggjum til að bæjarráð fresti útboði nýbyggingar við Grunnskólann í Stykkishólmi fram til upphafs ársins 2011.

Greinargerð: Ákveðið er að fá umsögn endurskoðanda bæjarins, Reynis Ragnarssonar, um áhrif kostnaðaráætlunar vegna viðbyggingu Grunnskólans, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu bæjarsjóðs á fyrirhuguðum verk tíma og áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir bæjarsjóð vegna framkvæmdarinnar. Auk þess verði kannað með sölu eigna til að fjármagna hluta framkvæmdarinnar.

Lárus Á. Hannesson
Davíð Sveinsson

Tillaga samþykkt.

Bókun Gretars D. Pálssonar.

Í ljósi stöðvunar bæjarstjóra á áður formlega og samhljóða samþykktu útboði af bæjarstjórn og vegna tafa sem það hefur valdið, er frestun framkvæmda óhjákvæmileg þar sem óráðlegt er að fara í jarðvinnu á starfstíma grunnskólans. Frekari frestun útboðs á þessu ári, úr því sem komið er, kemur því ekki að sök. Gretar D. Pálsson

47. 1008009 - Tölvupóstur frá Arionbanka dags. 04.08.2010 varðandi byggingarleyfi vegna Aðalgötu 17 í Stykkishólmi.

Samþykkt að framlengja byggingaleyfi um 12 mánuði.

Annað:

48. 1007049 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga skv. fjárhagsáætlun.

Lánssamningur á milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Stykkishólmsbæjar.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarráð samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000 kr. með 4,57% vöxtum til 14 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdaáætlun Stykkishólmsbæjar 2010, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.

Jafnframt er Gyðu Steinsdóttur kt. 040570-5199, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.



49. 1007050 - 6 mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar.

Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir 6 mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar.

50. Tilnefning í vinnuhóp vegna deiliskipulagsvinnu á svæði fyrir frístundabændur.

Hermann Guðmundsson tilnefndur.

51. Tilnefning í vinnuhóp vegna deiliskipulagsvinnu á svæði Hesteigendafélagi Stykkishólms.

Kristján Gunnlaugsson tilnefndur frá Hesteigendafélagi Stykkishólms.

52. Gretar D. Pálsson ræddi um afslátt á fasteignaskatti fyrir aldraðra og öryrkja.

Samþykkt að skoða einföldun á afsláttakerfi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:15

Þór Örn Jónsson